

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 1. apríl 2026.

Mál nr. E-4664/2025:

**A**

(Steingrímur Þormóðsson lögmaður)

**gegn**

**Sjúkratryggingum Íslands**

(Guðmundur Hólmar Helgason lögmaður)

## Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 6. mars 2026, höfðaði A, [...], 7. ágúst 2025 gegn Sjúkratryggingum Íslands, [...].
- Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 930.000 krónur, með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 4. september 2025 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.
- Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar.
- Auk þeirra dómkrafa sem að framan greinir var málið einnig höfðað til greiðslu á 9.354.000 krónum, auk nánar tilgreindra vaxta og dráttarvaxta, að frádreginni innborgun stefnda að fjárhæð 7.139.882 krónur og var sú krafa merkt nr. 1 í stefnu. Til vara hafði stefnandi uppi þá „viðurkenningar dómkröfu“ að stjórnvaldsákvörðun stefnda frá [...] 2025 í máli nr. [...] yrði „felld úr gildi og ógilt með dómi“ og var sú krafa merkt nr. 2 í stefnu. Frá þeim dómkröfum féll stefnandi með bókun í þinghaldi 13. janúar 2026, með vísan til þess að fjárkrafan merkt nr. 1 teldist að fullu greidd með vöxtum og dráttarvöxtum en án málskostnaðar. Við upphaf aðalmeðferðar 6. mars sl. lagði stefnandi fram bókun um endanlegar dómkröfur sínar þar sem efnislega er áréttað að málskostnaðarkrafa stefnanda taki til málsins í heild, þ.e. einnig þeirrar fjárkröfu sem stefndi greiddi á þingfestingardegi.

### *I. Helstu málsatvik og ágreiningsefni*

5. Stefnandi varð fyrir vinnuslysi 16. október 2022 er hún var að teyma hest sem fældist. Mun hún sjálf hafa tilkynnt um slysið til stefnda 25. sama mánaðar. Í framhaldinu átti sér stað málsmeðferð hjá stefnda sem lauk 27. maí 2025 með bótaákvörðun og greiðslu bóta skv. 12. gr. laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga. Þar sem óumdeilt er að bótakrafa hennar vegna slyssins var greidd að fullu, með vöxtum og dráttarvöxtum, á þingfestingardegi máls þessa og einungis er deilt um málskostnað vegna þess hluta málsins, er ekki þörf á að rekja hér frekar atvik sem varða slysið og afleiðingar þess.
6. Sú dómkrafa sem eftir stendur í málinu, merkt nr. 3 í stefnu, einskorðast við tjón sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir vegna kostnaðar af lögmannsaðstoð sem hún naut á stjórnarsýslustigi málsins hjá stefnda og við kæru til úrskurðarnefndar í velferðarmálum. Í því efni er einkum deilt um ástæður þess að afgreiðsla málsins tafðist og hvor aðila beri ábyrgð á því en ekki sýnist um það deilt að afgreiðsla málsins hafi dregist nokkuð. Liggja fyrir ýmis gögn um samskipti aðila, mest formleg bréfaskipti en einnig tölvubréf og gögn sem stefndi kveður sýna skjáskot úr kerfum stofnunarinnar og eiga að varpa ljósi á sendingu og móttöku bréfa í gegnum vefgátt.
7. Hér verða aðeins rakin helstu atvik og samskipti sem þýðingu geta haft en nánari lýsing á samskiptum aðila er samofin umfjöllun um málsástæður þeirra.
8. Í framhaldi af tilkynningu sinni til stefnda um slysið í október leitaði stefnandi aðstoðar lögmanns og veitti honum umboð 21. nóvember 2022 til þess að gæta hagsmuna sinna vegna slyssins gagnvart bæði stefnda og Verði tryggingum hf. Ritaði lögmaðurinn stefnda bréf af hennar hálfu 25. janúar 2023 og beiddist afstöðu til bótaskyldu vegna slyssins. Í framhaldinu áttu sér stað bréfaskipti milli stefnda og lögmanns stefnanda varðandi gagnaöflun sem ekki er þörf á að rekja hér en með bréfi til stefnanda 19. apríl 2023 var tilkynnt um þá afstöðu stefnda að slysið teldist bótaskyldt samkvæmt lögum nr. 45/2015. Var í bréfinu m.a. leiðbeint um að sækja þyrfti um mat á örorku á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu stefnda.
9. Þrátt fyrir þær leiðbeiningar óskaði lögmaður stefnanda einhliða eftir matsgerð tveggja lækna á læknisfræðilegri örorku/miska stefnanda vegna afleiðinga vinnuslyssins með bréfi, dags. 7. nóvember 2023. Lá sú matsgerð fyrir 22. mars 2024 og samkvæmt henni var miski stefnanda skv. 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 metinn 64 stig.

10. Með formlegu kröfubréfi lögmanns stefnanda til stefnda, dags. 4. apríl 2024, voru settar fram bótakröfur stefnanda á grundvelli matsgerðarinnar. Ber bréfið með sér að matsgerðin hafi fylgt því, auk þess sem hún mun sennilega hafa fylgt sem viðhengi með tölvubréfi lögmanns stefnanda til stefnda 23. mars sama ár, samkvæmt því sem fram kom við munnlegan málflutning, þótt það liggi ekki ótvírætt fyrir.
11. Hinn 5. apríl 2024 staðfesti starfsmaður stefnda móttöku matsgerðarinnar með því að svara nefndum tölvupósti lögmanns stefnanda frá 23. mars. Í svarinu var bent á að fylla þyrfti út eyðublað um beiðni um örorkubætur og fylgdi hlekkur á það eyðublað. Ekki er hins vegar að sjá að móttaka kröfubréfsins, dags. 4. apríl sama ár, hafi verið staðfest skriflega af hálfu stefnda en ekki er á öðru byggt af hálfu stefnda en að það hafi borist stofnuninni um svipað leyti og það er dagsett.
12. Lögmaður stefnanda ritaði stefnda þrjú bréf, dags. 20. júní og 10. desember 2024 og 20. febrúar 2025, sem óumdeilt virðist að ekki hafi verið svarað. Í meginatriðum var með bréfum þessum rekið á eftir afgreiðslu málsins hjá stefnda. Í síðasta bréfinu var tekið fram að vegna skorts á svörum væri stefnanda nauðugur einn sá kostur að kæra málið til úrskurðarnefndar velferðarmála.
13. Lögmaður stefnanda beindi stjórnslukæru til úrskurðarnefndar velferðarmála 12. maí 2025 sem reist var á því að óhæfileg töl hefði orðið á málinu í meðförum stefnda. Í framhaldi af bréfi úrskurðarnefndarinnar til stefnda 14. maí, þar sem tilkynnt var um kærana og óskað greinargerðar stefnda, tók stefndi ákvörðun 27. maí 2025 um að greiða stefnanda bætur sem miðuðu við að miski hennar skv. 12. gr. laganna teldist 43 stig, enda þótt niðurstaðan væri 64 stig samkvæmt þeirri matsgerð sem stefnandi hafði aflað einhliða.
14. Í framhaldi þessa ritaði lögmaður stefnanda stutt bréf til úrskurðarnefndar velferðarmála 10. júní 2025 þar sem áréttuð var beiðni um úrskurð um stjórnslukærana, þrátt fyrir bótaákvörðun stefnda, en lögmaðurinn afturkallaði síðan kærana 8. júlí 2025 þar sem ákvörðun hefði verið tekin um að leggja málið fyrir dóm. Var mál þetta síðan höfðað 7. ágúst sama ár, eins og fyrr sagði.
15. Með bótauppgjöri 4. september 2025, á þingfestingardeggi máls þessa, voru stefnanda greiddar bætur sem svöruðu til þeirrar fjárkröfu sem hún hafði uppi í máli þessu, merktá nr. 1, ásamt vöxtum og dráttarvöxtum eins og þar greindi. Er óumdeilt að bótauppgjörið hafi tekið fullt mið af niðurstöðu matsgerðarinnar um 64 miskastig.

16. Ekki voru gefnar munnlegar skýrslur við aðalmeðferð málsins. Hér verða næst raktar málsástæður aðila að því leyti sem þörf krefur til úrlausnar málsins, sbr. e-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

## *II. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda*

17. Stefnandi byggir á því að fullt tilefni sé til að krefja stefnda um bætur vegna kostnaðar sem lent hafi á henni vegna vinnu lögmanns hennar við málið þar sem vinna lögmanns hennar hafi orðið „svo viðamikil sem hún varð“ og „verulega meiri en ella“ vegna óhæfilegra tafa hjá stefnda á afgreiðslu málsins. Er á því byggt að um hafi verið að ræða grófa sniðgöngu stefnda á málshraðareglu stjórnarsýsluréttar, sbr. 9. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, og sem leitt hafi til þess að nauðsyn hafi borið til að kæra málið til úrskurðarnefndar í velferðarmálum, sbr. 4. mgr. greinarinnar. Byggir stefnandi á því að erindum lögmanns hennar hafi í engu verið svarað allt þar til seinagangur málsins var kærður til úrskurðarnefndarinnar 12. maí 2025 og stefndi brást við með bótaákvörðun 27. sama mánaðar. Tekur stefnandi fram að þá hafi verið liðin tvö ár og fimm mánuðir frá því að stefndi var krafinn um viðurkenningu á bótaskyldu í málinu og eitt ár frá því að stefnandi krafði stefnda um bætur á grundvelli matsgerðarinnar, með kröfubréfi.
18. Enda þótt aðilar að stjórnarsýslumáli eigi almennt ekki rétt á kostnaði vegna vinnu sérfræðinga sem leitað er til vegna slíks máls sé sú regla á því reist að viðkomandi stjórnvald sinni skyldum sínum samkvæmt stjórnarsýslulögum, svo sem upplýsingaskyldu, leiðbeiningarskyldu, rannsóknarskyldu og skyldunni um málshraða. Brjóti stjórnvaldið gegn þessum reglum og leggi málið ekki í þann farveg sem stjórnarsýslulögin áskilji sé um að ræða ólögmetna og saknæma háttsemi af hálfu stjórnvaldsins. Byggir stefnandi á því að nauðsynlegt hafi verið að kæra málið til úrskurðarnefndar velferðarmála. Það hafi borið árangur og leitt til þess að stefnandi fékk loks að vita að málið væri til afgreiðslu hjá stefnda og fékk loks greitt inn á tjón sitt. Stefndi geti ekki firrt sig ábyrgð vegna hins langa málsmeðferðartíma og vegna brota á svarskyldu. Um það er til hliðsjónar vísað til dóms Landsréttar 5. febrúar 2021 í máli nr. 772/2019. Við úrlausn málsins verði einnig að horfa verði til þess hve gróflega hafi verið brotið gegn málshraðareglu 9. gr. stjórnarsýslulaga.
19. Til stuðnings því að um óhæfilegar tafir hafi verið að ræða hjá stefnda vísar stefnandi til úrskurða úrskurðarnefndar í velferðarmálum nr. 609/2023, nr. 110/2024 og nr. 608/2024 sem birtir séu á vefsíðu Stjórnarráðsins.

20. Í stefnu er, til stuðnings dómkröfu merktri nr. 3, einnig vísað til málsástæðna sem raktar séu í kafla II í stefnu, en þar er í meginatriðum á því byggt að stjórnvaldsákvörðun stefnda frá 27. maí 2025 hafi verið haldin verulegum annmörkum, bæði að efni til og formi, og því ógildanleg.
21. Við munnlegan málflutning var mótmælt málsástæðum stefnda sem snúa að ákvörðun málskostnaðar, þar á meðal því að málið hafi verið höfðað að þarflausu.

### *III. Helstu málsástæður og lagarök stefnda*

22. Stefndi hafnar því að stefnandi eigi rétt á greiðslu vegna lögmannskostnaðar við meðferð máls hennar á stjórnslustigi hjá stefnda. Samkvæmt íslenskum stjórnslurétti sé meginreglan sú að aðilar beri sjálfir þann kostnað sem þeir hafa af rekstri mála á stjórnslustigi. Umrædd meginregla hafi margsinnis verið staðfest í dómaframkvæmd, sbr. t.d. í dómi Hæstaréttar 13. maí 2015 í máli nr. 678/2014 og dómi Landsréttar 28. nóvember 2024 í máli nr. 11/2024.
23. Rökin að baki meginreglunni séu skýr. Annars vegar byggist hún á lögætisreglunni, sem af leiði að útgjöld úr opinberum sjóðum verði að eiga sér stoð í lögum. Aðili máls eigi því aðeins lögvarða kröfu til að fá málskostnað á stjórnslustigi endurgreiddan að sérstök lagaheimild standi til þess eða á grundvelli skaðabótareglna. Hins vegar endurspeglir reglan þá hugsun að stjórnslumeðferð eigi að vera einföld, ódýr og aðgengileg fyrir almenning. Hafi það enda verið eitt af þeim markmiðum sem bjuggu að baki setningu stjórnslulaga nr. 37/1993, sbr. greinargerð með frumvarpi laganna. Með slíkri tilhögun hafi verið stefnt að því að gera aðilum stjórnslumáls kleift að annast að mestu leyti samskipti við stjórnvöld án fulltingis sérfróðra aðila.
24. Stefndi bendir á að krafa stefnanda eigi sér ekki stoð í sérstakri lagaheimild enda sé slíkri heimild hvorki fyrir að fara í lögum nr. 45/2015 né í lögum nr. 112/2008 um sjúkra-tryggingar.
25. Dómstólar hafi við sérstakar aðstæður gert stjórnvöldum að greiða bætur vegna kostnaðar aðila við rekstur stjórnslumáls, að uppfylltum skilyrðum sakarreglunnar.
26. Stefndi hafnar því alfarið að meðferð máls stefnanda á stjórnslustigi hafi verið ábótavant og með þeim hætti sem stefnandi lýsi í stefnu. Eins og atvikalýsing í greinargerð beri með sér hafi stefndi endurtekið svarað bréfum og erindum lögmanns stefnanda á því tímabili sem um ræðir. Í þeim samskiptum hafi því sannarlega verið beint til stefnanda og lögmanns hennar að afhenda viðeigandi gögn, auk þess sem upplýst hafi verið um

framvindu málsins eins og hægt var og veittar upplýsingar um viðeigandi farveg krafna á hendur stofnuninni.

27. Þannig hafi stefndi verið í samskiptum við stefnanda og síðar lögmann stefnanda, frá síðari hluta árs 2022 fram til fyrri hluta árs 2023 varðandi þau gögn sem stefndi taldi nauðsynlegt að bærust svo mögulegt væri að taka efnislega afstöðu í málinu. Þrátt fyrir endurteknar beiðnir stefnda um afhendingu nauðsynlegra gagna hafi afhending þeirra dregist úr hófi fram. Þegar fullnægjandi gögn og upplýsingar lágu loks fyrir í apríl 2023 hafi stefnandi og lögmaður hennar verið upplýst um að stefndi féllist á bótaskyldu í málinu. Það hafi verið gert með bréfi 19. apríl 2023, einungis hálfu ári eftir að slysið varð. Eins og gögn málsins beri með sér hafi bréf þetta verið mótttekið og opnað af hálfu stefnanda 25. maí 2023. Afstaða stefnda til bótaskyldu stofnunarinnar hafi því átt að vera stefnanda ljós í síðasta lagi við það tímamark.
28. Þá hafi viðeigandi leiðbeiningar verið veittar stefnanda og lögmanni hennar í kjölfar þess að bótakröfu á grundvelli matsgerðar, sem stefnandi aflaði að eigin frumkvæði og áhættu, var beint að stefnda. Með tölvupósti, sendum 5. apríl 2024 á netfang lögmanns stefnanda, hafi verið farið fram á að tilgreint eyðublað um beiðni um örorkubætur yrði fyllt út og sent stofnuninni. Eins og áður hafi stefnandi ekki brugðist við með viðeigandi hætti, til samræmis við veittar leiðbeiningar og óskir stefnda. Áréttar stefndi að stofnunin hafi fullt forræði á að ákveða á hvaða formi bótaumsóknir skuli vera, sbr. 34. gr. laga nr. 112/2008. Þar sem fullnægjandi bótaumsókn hafi ekki verið beint til stefnda, þrátt fyrir leiðbeiningar þar um, hafi málið farið í bið hjá stefnda uns stofnunin var upplýst um kæru til úrskurðarnefndar velferðarmála. Í kjölfarið hafi stefndi tekið ákvörðun í málinu, þrátt fyrir að tilskilin gögn lægju enn ekki fyrir.
29. Þar sem samskipti aðila beri að einhverju marki vott um að bréf stefnda hafi ekki borist stefnanda og lögmanni hennar áréttar stefndi að stofnuninni beri að nýta gagnagátt í samskiptum við einstaklinga. Vísar stefndi í því efni til 1. mgr. 50. gr. laga nr. 112/2008, auk laga nr. 105/2021 um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, einkum 1. gr. þeirra um markmið laganna. Stefnda hafi því verið rétt og skylt að beina bréfum sínum til stefnanda og lögmanns hennar í gegnum gagnagátt sína, að því marki sem þar komu fram persónugreinanlegar upplýsingar um stefnanda. Þar sem það var mögulegt hafi lögmanni stefnanda verið svarað með tölvupósti þótt atvik málsins beri ekki með sér að það hafi gefið betri raun. Þá verði og að hafa hliðsjón af því að stefnandi hafi notið liðsinnis lögmanns, sem sé sérfróður á þessu sviði og hafi átt í umtalsverðum samskiptum

við stofnunina sökum starfa sinna. Hafi honum mátt vera ljóst að svör stofnunarinnar bærust að meginstefnu í gegnum vefgátt stefnda, enda sé gáttin og notkun hennar ekki ný af nálinni.

30. Samantekið byggir stefndi á því að þrátt fyrir að mál stefnanda hafi vissulega tekið langan tíma verði sá dráttur ekki rakinn til athafna eða athafnaleysis stefnda. Beri framlögð gögn málsins þetta skilmerkilega með sér en að mati stefnda hafi framferði stofnunarinnar að öllu leyti verið til samræmis við þær skyldur sem á henni hvíla samkvæmt meginreglum stjórnarsýsluréttar og ákvæðum stjórnarsýslulaga. Í ljósi þessa telur stefndi að þeir úrskurðir úrskurðarnefndar velferðarmála, sem stefnandi vísar til í stefnu, hafi ekkert vægi við úrlausn málsins og við mat á málsmeðferð stefnanda.
31. Framangreindu til viðbótar byggir stefndi á því að samkvæmt sakarreglunni beri aðili skaðabótaábyrgð á tjóni sem valdið er með saknæmum og ólögumætum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing af hegðun viðkomandi. Af skilyrðum sakarreglunnar leiði að sannanlega þurfa að liggja fyrir form- og/eða efnisannmarkar á úrlausn stjórnvalds, þ.e. ólögmati, svo að til greina geti komið að bótaskylda stofnist. Jafnframt sé ekki nægjanlegt, svo til bótaskyldu stofnist, að niðurstaða viðkomandi stjórnvalds hafi verið lagalega röng að formi eða efni til heldur þurfi jafnframt að sýna fram á að til kostnaðarins hafi stofnast vegna þess að háttsemi stjórnvaldsins hafi verið saknæm og að tjón viðkomandi sé sennileg afleiðing af þeirri háttsemi stjórnvaldsins. Engu slíku sé fyrir að fara í máli stefnanda. Með vísan til alls þess sem rakið hefur verið hafnar stefndi því sem röngu og ósönnuðu að starfsmenn stofnunarinnar hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við meðferð málsins. Stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir hinu gagnstæða og þá byrði hafi hún ekki axlað.
32. Loks bendir stefndi á að málsmeðferð stofnunarinnar standi umsækjendum til boða þeim að kostnaðarlausu. Stefnandi geti ekki borið ábyrgð á meintu tjóni stefnanda sökum þess að hún leitaði sér lögmannaástoðar vegna málsins. Verði ekki séð að vinna lögmanns stefnanda á stjórnarsýslustigi hafi verið meiri eða önnur en í öðrum sambærilegum slysa-málum sem til meðferðar séu hjá stofnuninni. Í öllu falli geti stefndi ekki borið ábyrgð á auknum kostnaði stefnanda þar að lútandi.
33. Með vísan til alls framangreinds beri að sýkna stefnda af framangreindri dómkröfu stefnanda.
34. Stefnandi hafnar sérstaklega kröfu stefnanda um málskostnað fyrir héraðsdómi. Byggir stefndi á því að dómsmál þetta hafi „að nokkru marki“ verið þarflaust, sbr. a-lið 1. mgr.

131. gr. laga nr. 91/1991. Er í fyrsta lagi á það bent að málinu hafi verið stefnt inn til héraðsdóms fljótlega eftir að ákvörðun stefnda lá fyrir, 27. maí 2025, án þess að látið væri reyna á önnur möguleg úrræði á stjórnarsýslustigi. Stefndi bendir á að stefnandi hefði getað óskað eftir endurupptöku málsins og samhliða komið að athugasemdum við ákvörðun stefnda, frekari rökstuðningi og gögnum. Þá hefði verið mögulegt að beina uppfærðri greiðsluáskorun að stefnda vegna eftirstöðva bótakröfunnar og/eða kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála. Í öllu falli hafi stefnanda ekki verið nauðugur sá kostur einn að höfða málið á þeim tímapunkti sem málshöfðun kom til.

35. Í annan stað hafi stefndi, áður en málið var þingfest, viðurkennt bótaskyldu vegna eftirstöðva bótakröfu stefnanda eins og hún var útlistuð í 1. tölulið dómkröfu í stefnu og boðið fram sættir þess efnis. Þrátt fyrir að sættir tækjust ekki hafi stefndi gengið frá fullnaðaruppgjöri vegna þeirrar kröfu sama dag og málið var þingfest.
36. Í öllu falli verði að hafa hliðsjón af framangreindu við ákvörðun málskostnaðar, sbr. 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991. Aukinheldur telur stefndi að við ákvörðun málskostnaðar verði að hafa hliðsjón af þeirri meginreglu skaðabótaréttar að tjónþola beri að reyna að takmarka tjón sitt eins og kostur er. Í því felist m.a. að tjónþoli skuli forðast að leggja út í ónauðsynlegan kostnað. Að mati stefnda sé það raunin með málshöfðun þessa, einkum og sér í lagi eftir að stefndi viðurkenndi bótaskyldu vegna eftirstöðva bótakröfu stefnanda áður en málið var þingfest. Að þessu virtu telur stefndi rétt að stefnandi verði látinn greiða stofnuninni málskostnað og kveður þá kröfu sína styðjast við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

#### *IV. Niðurstaða*

37. Eftir að fallið var frá dómkröfum nr. 1 og 2 í stefnu einskorðast efnislegur ágreiningur aðila í málinu við það hvort stofnast hafi til skaðabótaábyrgðar stefnda, á grundvelli sakarreglu skaðabótaréttar, á fjártjóni stefnanda sem fólst í kostnaði sem hún bar af aðstoð lögmanns við meðferð stjórnarsýslumáls síns hjá stefnda. Í því efni er einkum deilt um hvort starfsmenn stefndu hafi við meðferð stjórnarsýslumálsins sýnt af sér ólögmeta og saknæma háttsemi og hvort umrætt fjártjón standi í orsakasamhengi við og teljist sennileg afleiðing af þeirri háttsemi. Því til viðbótar stendur ágreiningur um þá málskostnaðarkröfu sem stefnandi hefur uppi í máli þessu sem tekur til málsins í heild, eins og það var við málshöfðun, og er einkum deilt um hvort stefnandi hafi að óþörfu höfðað málið um dómkröfur nr. 1 og 2.

38. Stefnandi lýsir tjóni sínu svo að það felist í 930.000 króna reikningi lögmanns hennar, þ.e. 750.000 króna þóknun, að viðbættum 180.000 krónum vegna virðisaukaskatts, útgefnum 11. júní 2025. Samkvæmt gögnum málsins greiddi stefnandi reikninginn með þeim hætti að lögmaðurinn hélt fjárhæð hans eftir þann dag sem hann stóð henni skil á bótagreiðslu frá stefnda sem hann hafði mótttekið af hennar hálfu 28. maí sama ár. Á reikningnum kemur fram að hann sé vegna „Lögfræðiþjónust[u]“, magn „1,00“ og einingaverð „750.000“ krónur en ekki er um frekari sundurliðun að ræða og kemur heldur ekki fram á hvaða tímabili þjónustan var veitt. Ekkert tímayfirlit yfir vinnu lögmannsins fylgir reikningnum. Aðspurður af dómara af því tilefni gaf lögmaður stefnanda þá málflutningsyfirlýsingu við munnlegan málflutning að reikningurinn taki til allrar vinnu hans vegna málsins á stjórnarsýslustigi, allt frá því að hann fékk umboð frá stefnanda 21. nóvember 2022 og þar til reikningurinn var gefinn út.
39. Samkvæmt máltilbúnaði stefnanda er á því byggt að hún hafi orðið fyrir tjóni sökum þess að vinna lögmanns hennar hafi orðið „verulega meiri en ella“ vegna ólögætrar og saknæmrar háttsemi starfsmanna stefnda. Þrátt fyrir það er ljóst af framangreindri málflutningsyfirlýsingu lögmannsins að stefnandi gerir í reynd kröfu um að fá bættan allan kostnað af vinnu lögmannsins í hennar þágu á stjórnarsýslustigi málsins. Er þannig fyrir hendi misræmi milli kröfugerðarinnar og málsástæðna að baki henni og skortir verulega á að gerð sé grein fyrir því í stefnu frá hvaða tímamarki stefnandi telur lögmannsaðstoð hafa orðið sér nauðsynlega vegna saknæmrar háttsemi starfsmanna stefnda. Við munnlegan málflutning vakti dómari máls á því hvort krafan væri af þessum sökum haldin slíkum annmarka að varðaði frávísun án kröfu. Af því tilefni staðfesti lögmaður stefnanda að ekki sé á öðru byggt en að í upphafi hafi stefnandi leitað til hans að eigin ósk og óháð ætluðum annmörkum á stjórnarsýslumeðferð stefnda, sem þá var nýhafin. Þá kom fram að lögð sé áhersla á tímabilið eftir að kröfubréf lögmanns hennar hafði verið sent stefnda, 4. apríl 2024, ásamt matsgerðinni frá 22. mars sama ár, einkum vinnu lögmannsins við stjórnarsýslukæru til úrskurðarnefndar velferðarmála á árinu 2025. Í ljósi þeirra skýringa og að gættri framangreindri málflutningsyfirlýsingu þykir dómkrafa stefnanda ekki svo vanreifuð að nauðsyn beri til þess að vísa henni frá dómi, án kröfu.
40. Það er meginregla íslensks réttar að borgararnir verða sjálfir að bera þann kostnað sem þeir hafa af málarekstri sínum fyrir stjórnvöldum, kjósi þeir á annað borð að nýta sér sérfræðilega aðstoð við slík erindi, t.d. lögmannna, hvort sem það ber árangur eða ekki. Gildir þetta nema sérstök lagaheimild standi til greiðslu slíks kostnaðar, sem óumdeilt er

að ekki er fyrir hendi í máli þessu. Þá eru dæmi um það í dómaframkvæmd að fallist hafi verið á bótakröfur vegna slíks kostnaðar á sakargrundvelli. Af dómaframkvæmd æðri dómstóla verður þó ráðið að helst hafi það gerst í tilvikum þar sem um veigamikla annmarka hefur verið að ræða við málsmeðferð stjórnvalds, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 30. október 2008 í máli nr. 70/2008 og áður nefndan dóm Landsréttar í máli nr. 772/2019. Þá nægir það almennt ekki til bótaskyldu þótt í ljós sé leitt að gerð hafi verið mistök við ákvörðun stjórnvalds, svo sem að rangri lagatúlkun hafi verið beitt, heldur þarf meira til að koma til þess að skilyrði um saknæmi teljist fullnægt og hefur ekki verið fallist á sjónarmið um svokallað reglufest saknæmi í málum af þessu tagi. Loks er þess að geta að tjónþoli ber að jafnaði sönnunarbyrði fyrir því að öll skilyrði bótaskyldu séu fyrir hendi.

41. Um hina ætluðu ólögsmætu háttsemi starfsmanna stefndu er í stefnu einkum vísað til brota á málshraðareglu stjórnvísuluréttar, sbr. 9. gr. stjórnvísululaga nr. 37/1993, eins og rakið er í kafla II um málsástæður stefnanda hér að framan.
42. Í stefnu er auk þess minnst á það, á bls. 8, með mjög almennu orðfæri, að sinni stjórnvald ekki skyldum sínum samkvæmt stjórnvísulögum „svo sem upplýsingaskyldu, leiðbeiningarskyldu, rannsóknarskyldu og skyldunni um málshraða“ geti það leitt til bótaskyldu. Er þó í engu reifað í hverju ætluð brot stefnda gegn upplýsingaskyldu og leiðbeiningarskyldu kynnu að vera fólgin og er hvergi vísað til 7. eða 15. gr. stjórnvísululaga. Af munnlegum málflutningi af hálfu stefnanda varð ekki ráðið að byggt sé á slíkum brotum. Þeirri málsástæðu að stefndi hafi ekki svarað skriflegum erindum sýnist ekki haldið fram í tengslum við slík brot heldur til stuðnings því að brotið hafi verið gegn málshraðareglu. Gegn mótmælum stefnda, og þar sem ekki blasir við að brotið hafi verið gegn leiðbeiningar- og upplýsingaskyldu við málsmeðferð stefnda, verður hugsanlegum málsástæðum sem að því lúta hafnað.
43. Þá er í stefnu, „eftir því sem við á“, vísað til málsástæðna sem teflt er fram til stuðnings dómkröfu nr. 1 í stefnu, nánar tiltekið í undirkafla II, en þar er á því byggt að við ákvörðun stefnda um bótageiðslu til stefnanda 27. maí 2025 hafi verið brotið gegn bæði form- og efnisreglum stjórnvísuluréttar. Nánar tiltekið er þar byggt á því að við ákvörðunina hafi verið brotið gegn lögsmætisreglu og réttsmætisreglu stjórnvísuluréttar, auk rannsóknarreglu, málshraðareglu, andmælarétti og hæfisreglum stjórnvísuluréttar, sbr. 3., 9., 10. og 13. gr. stjórnvísululaga. Verulega er vanreifað af hálfu stefnanda hvernig þessar málsástæður geti haft þýðingu varðandi þá dómkröfu sem hér er til umfjöllunar, enda verður

ekki séð að það tjón sem stefnandi krefst þess að fá bætt sé á nokkurn hátt að rekja til þeirrar bótaákvörðunar eða ætlaðra annmarka við töku hennar. Hefur stefnandi ekki sýnt fram á að vinna lögmanns hennar hafi orðið „verulega meiri en ella“ á stjórnsýslustigi málsins vegna þeirrar ákvörðunar en sá reikningur sem fyrir liggur til sönnunar ætluðu tjóni var, eins og áður sagði, gefinn út 11. júní 2025 eða um tveimur vikum eftir framan- greinda bótaákvörðun. Hefur því ekki verið haldið fram, og er heldur ekki að sjá af gögnum málsins, að nein vinna lögmannsins í þágu málsins hafi sér stað frá því að ákvörðunin lá fyrir þar til reikningurinn var gefinn út, ef undan er skilið stutt bréf lögmannsins 10. júní 2025 til úrskurðarnefndar velferðarmála. Á það skortir því að sýnt hafi verið fram á að það tjón sem stefnandi krefst þess að fá bætt standi í orsakatengslum við umrædda bótaákvörðun og ætluð brot gegn stjórnsýslureglum við töku hennar, þ.e. öðrum en máls- hraðareglu sem næst verður vikið að. Verður framangreindum málsástæðum stefnanda því hafnað.

44. Víkur þá að þeirri meginmálsástæðu stefnanda að brotið hafi verið gegn málshraðareglu við málsmeðferð stefnda. Af fyrirbyggjandi gögnum verður ráðið að málsmeðferð stefnda hafi tafist nokkuð á fyrri stigum vegna skorts á gögnum frá stefnanda eða skorts á útfyllingu eyðublaða, þrátt fyrir leiðbeiningar stefnda í bréfum sem send voru lögmanni stefnanda eða þeim báðum. Bera gögnin með sér að skýringar þess sé að einhverju leyti að rekja til þess að lögmaður stefnanda hafi ekki nálgast bréf sem honum voru send í gegnum rafræna vefgátt stefnda en notkun hennar á sér stoð í 50. gr. laga nr. 112/2008. Á það m.a. við þegar tilkynnt var með bréfi stefnda 19. apríl 2023 að bótaskylda hefði verið viðurkennd, en nægilega þykir sannað með skjáskoti úr kerfum stefnda að það bréf opnaði stefnandi sjálf en ekki lögmaður hennar.
45. Síðar sama ár fór lögmaður stefnanda þá leið að afla einhliða matsgerðar tveggja lækna í stað þess að óska eftir örorkumati með útfyllingu þar til gerðs eyðublaðs á heimasíðu stefnda, eins og leiðbeint hafði verið um í bréfinu frá 19. apríl 2023. Verður stefnda ekki um það kennt að sú leið var farin eða um tafir á því að sérfræðilegs mats væri aflað.
46. Matsgerðin, dags. 22. mars 2024, barst stefnda ekki síðar en með kröfubréfi lögmanns stefnanda, dags. 4. apríl 2024. Leggja verður til grundvallar að kröfubréfið hafi borist stofnuninni fljótlega eftir dagsetningu þess, enda ekki á öðru byggt af hálfu stefnda. Verður ekki annað séð en að næg gögn hafi að svo komnu máli legið fyrir stjórnvaldinu til þess að hægt væri að yfirfara þau og taka ákvörðun um greiðslu bóta. Var matsgerðin enda lögð til grundvallar við bótaákvörðun stefnda tæplega fjórtán mánuðum síðar, 27.

maí 2025, þótt ekki hafi að fullu verið fallist á niðurstöður hennar um varanlegan miska, eftir yfirferð tryggingalæknis.

47. Þá verður ekki séð að það hafi staðið stefnda fyrir þrifum við bótaákvörðunina að eyðublað um beiðni um örorkubætur hafði ekki verið útfyllt, samkvæmt leiðbeiningum í tölvupósti starfsmanns stefnda til lögmanns stefnanda 5. apríl 2024, enda lá fyrir kröfubréf lögmanns stefnanda, dags. 4. apríl 2024, sem ætla verður að hafi þjónað sama tilgangi. Í ljósi þess verður ekki á það fallist að réttlæt看legt hafi verið að setja málið á bið vegna skorts á útfyllingu slíks eyðublaðs, eins og byggt er á af hálfu stefnda að gert hafi verið, fram að því að stofnuninni barst tilkynning úrskurðarnefndar velferðarmála um framkomna stjórnslukæru stefnanda. Breytir engu þótt stefndi hafi heimild til að ákveða á hvaða formi umsóknir um bætur skuli vera, sbr. 34. gr. laga nr. 112/2008. Hefði stefnda þá í öllu falli verið rétt, með hliðsjón af ákvæði 3. mgr. 9. gr. stjórnslulaga, að tilkynna lögmanni stefnanda að málið yrði sett á bið þar til eyðublaðið hefði verið fyllt út, þrátt fyrir viðtöku formlegs kröfubréfs, en það var ekki gert. Eins og fram er komið verður ekki séð að nein bréf eða tilkynningar hafi borist frá stefnda eftir að framangreint tölvubréf starfsmanns stofnunarinnar var sent lögmanni stefnanda 5. apríl 2024 þar til tilkynnt var um bótaákvörðunina 27. maí 2025.
48. Það er ekki einhlítt hvenær um brot gegn málshraðareglu, sbr. 1. mgr. 9. gr. stjórnslulaga, sbr. hér einnig 1. mgr. 35. gr. laga nr. 112/2008 og 1. mgr. 15. gr. laga nr. 45/2015, verður talið að ræða heldur verður að meta það með hliðsjón af atvikum og aðstæðum hverju sinni. Við það mat getur t.d. skipt máli hvort vikið hafi verið verulega frá hefðbundnum ferli máls og skráðum reglum um hæfilegan málsmeðferðartíma hjá viðkomandi stjórnvaldi, séu slík viðmið fyrir hendi, og hvar ábyrgðin liggur á því að svo fór. Ekki er upplýst í málinu hvort sett hafi verið skráð viðmið um málsmeðferðartíma hjá stefnda eða upplýsingar um hver hann sé að jafnaði, en miðað við þá úrskurði úrskurðarnefndar velferðarmála sem vísað er til í stefnu má draga þá ályktun að tæplega 14 mánaða biðtími frá því að allar nauðsynlegar upplýsingar lágu fyrir af hálfu umsækjanda þar til bótaákvörðun var tekin teljist úr hófi fram. Engu að síður er ljóst að ætla verður einhvern tíma til yfirferðar fagfólks á vegum stefnda á gögnum máls áður en bótaákvörðun er tekin.
49. Jafnvel þótt lagt yrði til grundvallar að óhæfilegur dráttur hafi orðið á meðferð málsins eftir að kröfubréfið og matsgerðin lágu fyrir hjá stefnda í apríl 2024, sem ekki geti talist réttlættur með þeim rökum að málið hafi verið sett á bið, verður ekki fram hjá því horft,

sem gögn málsins bera með sér, að lögmaður stefnanda virðist ítrekað hafa virt að vettugi þær leiðbeiningar sem bréf stefnda, bæði formleg og tölvubréf, höfðu að geyma. Þá takmarkast skylda stjórnvalda til að svara erindum borgaranna, samkvæmt óskráðri meginreglu stjórnisýsluréttar, við erindi þar sem þörf er á svari eða ljóst er að svars sé vænst. Verður ekki séð að svo hafi skýrlega háttað til um bréf lögmanns stefnanda 20. júní og 10. desember 2024 og 20. febrúar 2025, sem ekki var svarað, en þau bera með sér að erindið hafi fyrst og fremst verið að reka á eftir afgreiðslu málsins. Í ljósi alls framanritaðs og þrátt fyrir lýsta hnökra á málsmeðferð stefnda eftir viðtöku kröfubréfs og matsgerðar í apríl 2024 verður ekki talið hafa verið um veigamikla annmarka að ræða á málsmeðferð stefnda. Þá þykja gögn málsins ekki renna nægum stoðum undir þá ályktun að uppfyllt séu skilyrði um saknæmi starfsmanna stefnda.

50. Af framangreindum ástæðum, og þar sem öllum málsástæðum stefnanda sem þýðingu geta haft hefur verið hafnað, verður fallist á aðalkröfu stefnda um sýknu af skaðabótakröfu stefnanda.
51. Ekki verður á það fallist að mál þetta hafi verið höfðað að þarflausu, sbr. a-lið 1 .mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991, en engin skylda hvíldi á stefnanda til að leita endurskoðunar á bótaákvörðun stefnda með beiðni um endurupptöku eða með stjórnisýslukæru áður en mál þetta var höfðað. Þá átti greiðsla stefnda samkvæmt dómkröfu merktri nr. 1 sér fyrst stað á þingfestingardeg, en ekki fyrir málshöfðun.
52. Stefnandi hefur gjafsókn í málinu, samkvæmt gjafsóknarleyfi útgefnu 1. júlí 2025. Eftir úrslitum málsins og atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður milli aðila, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, sbr. 1. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991, þar með talin gjafsóknarþóknun lögmanns stefnanda sem þykir hæfilega ákveðin eins og í dómsorði greinir. Hefur þá verið litið til þess að gjafsóknarleyfið var veitt til að höfða mál á hendur stefnda „til viðurkenningar bótaskyldu vegna afleiðinga vinnuslyss“ og lýsti lögmaður stefnanda því sjálfur yfir fyrir dómi að hann líti svo á að sá hluti málsins sem gekk til aðalmeðferðar falli ekki undir gjafsóknarleyfið. Lagði hann, því til samræmis, fram aðskilin málskostnaðaryfirlit vegna þess þáttar málsins sem gekk til aðalmeðferðar og þess sem laut að bótakröfu úr slysatryggingu almannatrygginga sem greidd var á þingfestingardeg. Er höfð hæfileg hliðsjón af síðarnefnda yfirlitinu við ákvörðun þóknunar en jafnframt af efni og umfangi málsins og því að efnislegum ágreiningi um þann þátt málsins lauk vegna greiðslu

stefnda á þingfestingardegi. Samkvæmt dómvenju er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun gjafsóknarþóknunar.

53. Af hálfu stefnanda flutti málið Steingrímur Þormóðsson lögmaður en af hálfu stefnda flutti málið Guðmundur Hólmur Helgason lögmaður. Hildur Briem héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**Dómsorð:**

Stefndi, Sjúkratryggingar Íslands, er sýkn af öllum dómkröfum stefnanda, A, í máli þessu.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin gjafsóknarþóknun lögmanns stefnanda, Steingríms Þormóðssonar, 850.000 krónur.

Hildur Briem